

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Lykilhæfni

Kennarar: Birgitta M. Eyþórsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

Tímafjöldi: Samþættist við aðrar námsgreinar



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Uppbygging til ábyrgðar, Verkfærakistan, markvisst málörvun ásamt efni frá kennurum.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------------------------|--|---|---------------|
| Tjáning og miðlun | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir fyrir framan hóp,geti hlustað á aðra í hópi án þess að grípa frammi,geti talað fyrir framan hóp og sagt frá ákveðnu viðfangsefni. | Byrjendalæsi, bekkjarfundir, umræður, leikræn tjáning og leikir | Leiðsagnarmat |
| Skapandi og gagnrýnin hugsun | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti unnið eftir einföldum verklýsingum,geti greint milli staðreynda og skoðana með leiðsögn. | | |
| Sjálfstæði | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti unnið eftir fyrirmælum,geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum. | | |
| Samvinna og samskipti | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum,geti borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara,geti gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi,geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.geti tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu. | | |
| Nýting miðla og upplýsinga | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum með leiðsögn,þjálfist í að nota miðla í nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis með leiðsögn,þekki grunnreglur um meðferð upplýsinga og netnotkunar. | | |
| Ábyrgð og mat á eigin námi | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hver hann getur gert betur í námi,geti sett sér með aðstoð markmið í námi. | | |

Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D